



Faghópur IV

Fundargerð 2. fundar, Orkustofnun 16. feb. 2009, kl. 13:30

Mætt: Guðni A. Jóhannesson (formaður), Agnar Olsen, Edda Rós Karlsdóttir, Jakob Sigurður Friðriksson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Ómar Örn Ingólfsson, Guðmundur Þóroddsson.

Fundarfrásögn

1. Lagður var fram listi með drögum yfir virkjunarkosti sem meta á í 2. áfanga rammaáætlunar. Á listanum eru einnig virkjunarkostir sem metnir voru í 1. áfanga en 2. áfanga er ætlað að taka þá kosti til endurskoðunar. Listinn hefur verið uppfærður samkvæmt viðbrögðum orkufyrirtækja en þeim voru verið send drög að virkjunarkostum sem lögð voru fram á 1. fundi faghópsins þann 21. Jan.

Listinn, ásamt kynningarbréfi, voru send til eftirtaldrá fyrirtækja: Hrafnabjargarvirkjun, HS-Orka, Íslensk orkuvirkjun, Landsvirkjun, Múlavirkjun, Norðurorka/Fallorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik (RED), Vesturverk og Þeistareykir. Starfsmanni var falið að kanna virkjunaráform félagsins Lífsvals.

Fyrir fundinn höfðu borist viðbrögð frá öllum aðilum nema Landsvirkjun og Vesturverki. (Gögn frá Landsvirkjun bárust 17. feb. og frá Vesturverki 18. feb.)

Starfsmanni var falið að uppfæra listann þegar borist hefðu viðbrögð frá öllum orkufyrirtækjum og senda meðlimum faghópsins.

2. Umræða um athugasemdir sem borist höfðu frá Rarik um mönnun faghópsins. Fulltrúar Rarik gagnrýndu að fulltrúar tveggja samkeppnisaðila þeirra ættu sæti í hópnum og gæti brotið í bága við samkeppnislög. Þessu máli verður vísað til stjórnar Samorku og óskað álits. Nefndar voru hugmyndir um að bæta við meðlimum í hópinn, skipa „óháðan“ undirhóp er annast skyldi mat á kostnaðarþættinum og einnig að ráðgast skyldi við iðnaðar- og umhverfisráðuneytin um viðbrögð.
3. Starfsmaður kynnti stuttlega heimasíðuna og sérstaklega vinnusvæði verkefnisstjórnar og faghópa.
4. Næsti fundur verður þann 2. mars í Orkustofnun kl. 14:00.